



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra í Engjaskóla*

Starf skólastjóra í Engjaskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 7. desember 2019 í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til og með 6. janúar 2020. Ráðið verður í skólastjórstöðuna frá og með 1. ágúst 2020.

*Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Engjaskóla lýst þannig:*

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans í samstarfi við starfsfólk skólans, nemendur, foreldra og aðra skóla í hverfinu, innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

*Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:*

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að einstaklingi sem byggi yfir leiðtogahæfileikum, hefði víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Jafnframt var óskað eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á skólastarfið, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

*Ellefu sóttu um skólastjórastöðuna. Þau eru: Anna María Kortsen, Álfheiður Einarsdóttir, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Dagný Kristinsdóttir, Elísa Ösp Valgeirsdóttir, Halla Leifsdóttir, Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, Jón Ó. Gestsson, Mandana Sanajou, Sesselja Guðrún Guðjónsdóttir og Þórdís Sævarsdóttir.*

Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tók gildi 1. júní 2015.

#### **Niðurstaða:**

Á fundi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála, sviðsstjóra og mannauðsstjóra, sem haldinn var 29. janúar 2020, gerði skrifstofustjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymisins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum er niðurstaðan að Álfheiður Einarsdóttir væri hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Engjaskóla.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Álfheiði Einarsdóttur skólastjóra við Engjaskóla frá 1. ágúst 2020. Engu að síður verður Álfheiði veitt umboð frá 1. febrúar 2020 til að sinna málum er varða undirbúning komandi skólaárs er varða sem dæmi starfsmannamál Engjaskóla.

Álfheiður lauk B.Ed. í grunnskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 1994 og M.Sc. gráðu í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands 2011. Hún hefur starfað sem grunnskólakennari í 19 ár, deildarstjóri í tvö ár og sem aðstoðarskólastjóri í þrjú ár.